



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
b.t. Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 10. febrúar 2021

2102018SA KB/bg
Málalykill: 00.63

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða (atvinnu- og byggðakvótar o.fl.), 418. mál

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 26. janúar sl., þar sem óskað er eftir umsögnum um ofangreint frumvarp. Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um stjórn fiskveiða sem varða ráðstöfun á þeim aflaheimildum sem ríkið er með forræði yfir (5,3%). Breytingarnar eru byggðar á grundvelli tillagna starfshóps um endurskoðun á meðferð og ráðstöfun 5,3% aflaheimilda sem skilaði skýrslu til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra í febrúar 2020.

Sambandið hefur ekki forsendur til að taka afstöðu til fiskveiðistjórnunarkerfisins almennt en úthlutun Byggðastofnunar á kvóta til brothættra byggða hefur skilað árangri fyrir umræddar byggðir. Umsögn sambandsins snýr því eingöngu að framkvæmd atvinnu- og byggðakvóta. Almennt má telja að vel hafi tekist til við að gera tilgang og markmið atvinnu- og byggðakvóta skýrari í lögnum. Sú aðgerð mun vonandi leiða til skýrari umræðu um atvinnu- og byggðakvóta og hvernig beri að nýta þann kvóta til eflingu byggðar. Einnig er til eftirbreytni að lögfesta eigi að óháður aðili meti árangur aðgerða fyrir 31. desember 2026 og að ráðherra eigi að leggja til, á grundvelli þess mats, hvort ástæða sé til breytinga á lögnum svo markmiðum atvinnu- og byggðakvóta sé náð.

Þó er eitt ákvæði sem mætti skýra betur, hugsanlega í nefndaráliti, en það er ákvæði 15. gr. j. Tilraunaverkefni til byggðapróunar. Samkvæmt 2. málsgrein skal gera samning um tilraunaverkefni milli ráðherra, Byggðastofnunar, landshlutasamtaka sveitarfélaga og einstakra sveitarfélaga. Lítur því út fyrir að landshlutasamtök þurfi ávallt að vera hluti af samningi um tilraunaverkefni jafnvel þótt tilraunaverkefni nái yfir aðeins eitt sveitarfélag eða fá sveitarfélög á starfssvæði landshlutasamtaka. Í greinargerð er ekki nákvæmlega skýrt hvert hlutverk landshlutasamtaka eigi að vera í slíkum samningum. Hvetur sambandið því til nánari skoðunar á þessu ákvæði þannig að skýrt sé hvaða hlutverk hver og einn aðili gegnir í samningi um tilraunaverkefni. Einnig gæti verið skynsamlegt að ákvæðið feli ekki í sér að allir aðilar er taldir eru upp þurfi að vera aðilar að tilraunaverkefni heldur fari það eftir aðstæðum hverju sinni hverjir eru kallaðir að samningsborði.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri